



Velkomin í
Heilsuleikskólann Fífusali

Ágæta leikskólabarn og fjölskylda!

Velkomin í Heilsuleikskólann Fífusali!

Við erum ánægð að fá ykkur í hópinn okkar og vonum að ykkur eigi eftir að líða vel.

Allar helstu upplýsingar um lífið og starfið í Fífusölum er að finna á heimasíðu leikskólans og hvetjum við ykkur að lesa skólanámskrána og þennan kynningarbækling vel áður en þið komið í fyrstu heimsókn til okkar en þá ræðum við betur saman.

Hlökkum til að sjá ykkur!



Að hugsa um börn eins og snjókorn

Lítið snjókorn fellur á jörðina.
Annað snjókorn fellur við hlið þess.
Enn eitt snjókorn fellur við hlið þess.
Enn eitt fellur og mörg fylgja á eftir.
Sérhvert er frábrugðið, hefur sína eigin lögun og stærð,
En hvílík fegurð í hverju og einu!
Þau fela í sér svo mikla dulúð.
Við verðum að gæta þess að hvert og eitt náí að glitra.
Eitt er ekki fallegra en annað.
Þau eru öll einstök, sérstök og stórfengleg.

Cynthia R. Sanchez

Um skólann

Heilsuleiksskólinn Fífusalir stendur við Salaveg 4 í Kópavogi og er sex deilda leikskóli. Húsið er á einni hæð, grunnflötur er 776 m² þar af er leikrými 445 m² fyrir 106 börn samtímis í 6 - 9 tíma dvöl. Lóðin er 3325 m² og er einstaklega vel úr garði gerð. Húsið skiptist í tvennt, annar helmingur hússins nefnist Gljúfur og þar eru yngri deildir leikskólans, Lind, Lækur og Laut. Eldri gangurinn heitir Gil og þar eru einnig þrjár deildir, Hóll, Hlíð og Hæð.

Daglegt starf í Fífusölum

Allt starf leikskólans felur í sér viðamiknið og samþætt nám, hvort sem það eru daglegar venjur, svo sem matartímar og klósettferðir, eða markvisst starf skipulagt af kennurum. Börn uppgötva og læra af öllu sem þau taka sér fyrir hendur bæði í leik sem og daglegu starf inni og úti, með stuðningi og hvatningu hinna fullorðnu og í samvinnu við önnur börn.

Samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla (2011) eru námssvið leikskóla þessi:

- Læsi og samskipti
- Heilbrigði og vellíðan
- Sjálfbærni og vísindi
- Sköpun og menning

Daglegt starf mótast af þessum námssviðum, en í hverri stund dagsins tvinnast saman mörg námssvið í heilstætt nám.

Á hverjum degi er lagt upp úr að börnin hafi góðan tíma fyrir frjálsan leik, bæði inni og úti. Öll börn fara í hverri viku í tíma í myndlist/sköpun og íþróttum. Í þessum tímum eru þau í litlum hópum undir faglegri handleiðslu. Að auki fara börnin reglulega í vettvangsferðir um hverfið, en nærumhverfi leikskólans býður upp á ótal skemmtilegar gönguleiðir um öruggt göngustígakerfi.



Einkunnarorð Fífusala

VIRÐING - Við leggjum áherslu á að börnin beri virðingu og taki tillit til hvers annars og efli þannig skilning á tilfinningum og þörfum sínum sem og annarra. Lagt er upp úr góðu samstarfi, trausti og gagnkvæmri virðingu á milli barna, starfsfólks, heimilis og skóla.

UPPGÖTVUN - Barnið öðlast reynslu með uppgötvun í leik án þess að kennarar gefi þeim lausnir. Endapunkturinn skiptir ekki máli heldur lærdómurinn sem barnið öðlast á leiðinni. Mikilvægt er að viðurkenna upplifun barna, án þess að leggja á hana dóm.

SAMVINNA - Lagt er upp úr því að börn og kennarar læri að vera sveigjanleg, hjálpist að, vinni saman og framfylgi ákvörðunum sínum. Kennarar eru fyrirmyndir barnanna sem hvetja þau til sáttfýsi og samvinnu.

Starfsfólk leikskóla

Leikskólastjóri er yfirmaður leikskóla og ber ábyrgð á uppeldisstarfinu og rekstri leikskólans. Næsti yfirmaður leikskólastjóra er deildarstjóri leikskóladeildar menntasviðs Kópavogar.

Aðstoðarleikskólastjóri er staðgengill leikskólastjóra og er honum til ráðuneytis um stjórnun leikskólans.

Deildarstjóri ber ábyrgð á starfi og skipulagi á deildinni, barnahópnum og hann ber einnig ábyrgð á foreldrasamstarfi á deildinni.

Sérkennslustjóri hefur yfirumsjón með sérkennslu og sérstuðningi í leikskólanum og er til ráðuneytis. Sérkennslustjóri veitir ráðgjöf til foreldra og stuðningsaðila barna innan leikskólans. Sérfræðiteymi leikskólans er s.s. þjónusta sálfræðinga, iðjuþjálfara, talmeinafræðinga og sérkennsluráðgjafa gegnum leikskóladeild menntasviðs Kópavogs.

Leikskólakennarar og leiðbeinendur vinna í samstarfi við deildarstjóra að faglegu starfi deildarinnar.

Leikskólakennarar, þroskaþjálfari og leiðbeinendur starfa á deildum vegna sérkennslu einstakra barna.

Matráðar í eldhúsi sjá um matarundirbúning, gerð matseðla og innkaup og matvöru fyrir leikskólann.

Starfsfólk leikskólans er bundið þagnarskyldu um alla þá vitneskju sem það fær í starfi um málefni barna og foreldra. Þagnarskyldan helst þó starfsmenn láti að störfum.

Við biðjum foreldra að sýna öðrum foreldrum og börnum þann trúnað að ræða ekki fyrir utan leikskólann málefni þeirra. Gagnkvæmur trúnaður er mikilvægur öllum börnum og foreldrum og eykur samheldni innan leikskólans.

Hagnýtar upplýsingar fyrir foreldra

- Engar töskur eru leyfðar í leikskólanum. Vinsamlegast setjið föt barnanna í hólfið og takið töskurnar með heim.
- Vinsamlegast fylgið barninu inn á deild og kveðjið þar.
- Ekki er í boði að vera inni eftir veikindi. Ef barnið getur ekki tekið þátt í daglegu starfi leikskólans þá á það að vera heima.
- Láta deildarstjóra vita ef um breyttar fjölskylduaðstæður er að ræða, sem og ný netföng eða ný símanúmer.
- Tilkynna þarf veikindi barnsins eða fjarveru fyrir klukkan 9:00 í leikskólann. Klukkan 9:00 hefst skipulagt starf okkar og gott að vita hvernig barnahópurinn stendur þann daginn.
- Við tökum ekki á móti börnum milli 11:00-12:30, þá er matur og hvíld og börn deildarinnar þurfa ró og næði meðan á því stendur.
- Fylgist vel með aukafataboxi barnsins þíns. Við eigum ekki mikið af aukafatnaði, því gætum við þurft að hringja ef barnið vantar föt. Það er ekki gott að þvælast um á samfellunni lengi.
- Þegar haldið er upp á afmæli barnanna er í boði að koma með á:
Eldri gang: popp, saltstangir og ávexti.
Yngri gang: Ávexti.
- Börn fara ekki heim í lok dags með öðrum börnum í leikskólanum og foreldrum þeirra nema leikskólanum hafi verið tilkynnt um það að hálfu viðkomandi foreldris.
- Mælst er til þess að börn yngri en 12 ára komi ekki að sækja leikskólabörn.
- Mikilvægt er að láta barnið kveðja starfsmann í lok dags, ef það er ekki kennari á deild barnsins til staðar, þá þarf að láta annan kennara vita.

Með von um gott og ánægjulegt samstarf, starfsfólk Fífusala.

Leikskólastjóri Erla Stefanía Magnúsdóttir s: 441-5200
erlastef@kopavogur.is fifusalir@kopavogur.is

Aðstoðarleikskólastjóri Margrét Róbertsdóttir s: 441-5200
margretr@kopavogur.is fifusalir@kopavogur.is

Heilsuleikskólinn Fífusalir
Salavegur 4 201 Kópavogur
Netfang: fifusalir@kopavogur.is
Heimasíða <http://www.fifusalir.kopavogur.is>

Þátttökuaðlögun

Að byrja í leikskóla er ný reynsla fyrir barnið og foreldra þess. Mikilvægt er að góð samvinna takist strax milli foreldra og starfsfólks leikskólans. Við bjóðum upp á þátttökuaðlögun en hún byggir á þeirri kenningu að börn og foreldrar læri að vera í leikskólanum saman. Byggja upp sameiginlegan grunn (öryggi og traust milli foreldra, barna og leikskólans). Þátttökuaðlögun er hugsuð þannig að foreldri smiti öryggiskennnd og forvitni yfir til barnsins. **Öryggir foreldrar = örugg börn.** Með því að foreldrar séu þátttakendur frá fyrsta degi öðlast þeir öryggi um dagskipulag deildarinnar og það sem á sér stað í leikskólanum. Einnig kynnast þeir kennurunum, öðrum börnum og foreldrum.

Dagur 1

Foreldrar og börn mæta í leikskólann klukkan 9:30. Dagskipulagið er hefðbundið en foreldrar sinna öllum líkamlegum þörfum barnanna. Við sýnum foreldrum en tökum ekki verkin af þeim. Starfsfólk deildarinnar fer með börnin í hvíld. Foreldrar fara heim frá kl 11:30-13:30. Dagur 1 klárast kl 14:00.

Dagur 2

Dagur 2 er eins og dagur 1 nema þá förum við út líka fyrir mat. Á meðan að hvíldin er fara foreldrar á fund með leikskólastjóra þar sem farið er í praktíska hluti, reglur, menningu og mataræði. Dagur 2 klárast kl 14:30.

Dagur 3

Foreldrar mæta með börnin kl 9:00 en fara svo þegar barnið er í útiveru (milli kl 9.00 og 10.00). Börnin eru svo sótt kl 15:00.

Dagur 4

Barnið mætir sinn vistunartíma. Mjög gott að stytta daginn í lokin. Dagur 4 og 5 geta verið erfiðir en hópurinn er yfirleitt kominn í jafnvægi eftir 7 til 10 daga.

Ef eitthvað liggur á hjarta varðandi aðlögunina, ekki hika við að tala við deildarstjóra barnsins og við finna sameiginlega lausn.

Það sem þarf að taka með sér í aðlögun er:

- Snuð og /eða bangsi fyrir hvíld (gott að hafa eitt snuð í leikskólanum, hafa það merkt)
- Aukafatnað í boxið fyrir ofan hólfi í fataherberginu
- Útiföt eftir veðri bæði fyrir barn og foreldra

Aukaföt sem þurfa að vera í aukafataboxinu

- buxur, peysa, nærföt/samfella, 2 pör af sokkum og bolur

Útifatnaður sem á að vera í leikskólanum

- kuldagalli, regnföt, stígvél, kuldaskór, hlý peysa, húfa, ullarsokkar og vettlingar

Mjög mikilvægt er að merkja allan fatnað með nafni barnsins. Ganga þarf frá fatahólfi barnsins í lok hvers dags, taka óhrein föt með heim og þvo. Tæma þarf öll fatahólf á föstudögum, bæði fatnað og skó.

Foreldraviðtöl

Á skólaárinu er boðið upp á eitt foreldraviðtal í kringum afmælisdag barnsins. Rætt er um líðan barnsins, þroska þess og þarfir. Farið er m.a. yfir þætti heilsubókar. Foreldrar geta ávallt óskað eftir viðtölum þar fyrir utan telji þeir þörf á.

Aðlögunarviðtöl nýrra barna eru haldin um það bil 4-6 vikum eftir að barn byrjar í leikskólanum.

Mat á námi barna:

HLJÓM-2: Heilsuleikskólinn Fífusalir notast við það til að kanna hljóðkerfisvitund elstu barna leikskóla. Niðurstöður þessarar könnunar gefa vísbendingar um hvernig lestrarnám muni ganga, því er unnið markvisst eftir niðurstöðunum síðasta skólaárið. HLJÓM-2 byggist á sjö mismunandi verkefnum sem lögð eru fyrir að hausti. Verkefnin tengjast rími, samstöfum, hljóðgreiningu, samsettum orðum, margræðum orðum, orðhlutaeyðingu og hljóðtengingu.

EFI-2: Það er lagt fyrir öll börn á fjórða ári í Fífusölum, það er skimun í leikjaformi sem kannar málskilning og tjáningarfærni barnsins.

Heilsubók Barnsins: Þegar barn hefur nám í Heilsuleikskóla þá fær það bók þar sem fylgst er með og skráð í margvíslegar upplýsingar um barnið. Þar má nefna heilsufar, hæð, þyngd, félagslega færni, úthald og almenna þekkingu á t.d. litum og formum. Skráð í í bókina tvisvar sinnum yfir skólaárið, í afmælimánuði barnsins og sex mánuðum síðar. Þessi skráning gerir kleift að fylgjast náið með þroskaframvindu barnsins.

Eitt bros getur dimmu í dagsljós breytt

Við hlökkum til að takast á við ævintýri leikskólans með ykkur.
Starfsfólk Heilsuleikskólans Fífusala